

Reykjavík 19. September 2019

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6,
220 Hafnarfirði

Erindi: Miðstöð fyrir yngri greinda með heilabilun

Alheimersamtökin hafa um nokkurt skeið stefnt að því að koma þaki yfir miðstöð fyrir þá sem greinast yngri en 65 ára með heilabilunarsjúkdóma og þá sem eru skammt gengnir með sjúkdóminn.

Ætlunin er að í húsinu verði starfsemi skyld starfsemi Ljóssins þar sem einstaklingar koma og fara að vild og geta sótt sér bæði þjónustu og afþreyingu við hæfi.

Nýlega kynntu fulltrúar samtakanna hugmyndir sínar fyrir Fjölskylduráði sem tók vel í hugmyndirnar en í gegnum tíðina hefur Hafnarfjörður verið sérstaklega vinveitt málstaðnum.

Alheimersamtökin óska nú eftir formlegum viðræðum við bæjarstjóra, Rósu Guðbjartsdóttur um möguleika á samstarfi um að koma upp miðstöð fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma og aðstandendur þeirra í Hafnarfirði til að uppfylla megi þá miklu þörf fyrir þjónustu sem þessi hópur býr nú við.

Virðingarfyllst,



Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alheimersamtakanna.